

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Mosfellsbæjar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við kerfi hennar, í té vatnsmagn, er áætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi veitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það, sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. gr., er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

II. KAFLI

4. gr.

1. Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

Heitt vatn um rennslismæli:	Kr.	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
A. Fyrir hvern rúmmetra vatns	105,00	2,10	118,65	kr./m ³

2. *Mælaleiga:*

Auk þess greiðist fastagjald árlega háð afköstum rennslismælisins en óháð töxtum að öðru leyti.

Fastagjaldi er skipt í þrjá flokka:	Kr./dag	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
A. 15-20 mm	47,20	0,94	53,34	kr./dag
B. 25-50 mm	105,74	2,11	119,50	kr./dag
C. 65 mm og stærri	197,87	3,96	223,60	kr./dag

3. *Sérstakir notendur:*

Sérstakir notendur greiða fyrir afnot af heita vatninu sem hér segir:

Notandi	Kr./m ³	Athugasemdir	2% skattur	Með 11% vsk	Grunnur
A. Almennings-sundlaugar	34,21	Gildir fyrir almennings-sundlaugar og samþyggð íþróttamannvirki í eigu sveitarfélagsins. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga.	0,68	38,66	kr./m ³
B. Sundlaugar stofnana	58,85	Til þessa flokks teljast sundlaugar sem reknar eru af stofnumum sem ekki eru í beinni eigu sveitarfélagsins. Með í taxtanum telst baðvatn og vatn til set- og vaðlauga	1,18	66,50	kr./m ³
C. Gróðurhús	46,05	Taxtinn gildir fyrir gróðurhús sem framleiða garðyrkjufurðir í atvinnuskyni	0,92	52,04	kr./m ³

D. Vatnsverð án flutningsgjalda	78,19		1,56	88,35	kr./m ³
E. Upphitaðir íþróttavellir utandyra	90,25		1,81	101,99	kr./m ³
F. Iðnaðarvatn í framleiðsluferla	74,36		1,49	84,03	kr./m ³

Taxtinn gildir fyrir þá aðila sem eiga heimæðar sínar og sjá um rekstur þeirra og viðhald á eigin kostnað. Mælir er þá staðsettur veitumegin við heimæðina. Mælagjaldinu er dreift jafnt niður á fjölda reikningstímabila eins og þau eru ákveðin hverju sinni.

4. Innheimtuviðvörur:

Innheimtuviðvörur kr. 820 án vsk. innheimtist 20 dögum eftir gjalddaga/eindaga.

5. gr.

Fjöldi reikningstímabila, sem þó skulu eigi vera færri en fjögar á ári, og innheimtutilhögun hitaveitugjalda hverju sinni sbr. 4. gr. skulu ákveðin af bæjarstjóra. Það teljast vanskil sé reikningur ekki greiddur á gjalddaga.

Hitaveita Mosfellsbæjar skal tilkynna notendum sínum með hæfilegum fyrirvara ef hún ákveður að breyta fjölda reikningstímabila hitaveitureikninga og skal jafnan miða við að breytingar á gjaldskrá taki gildi við upphaf hvers reikningstímabils til að auðvelda notendum úrlestur hitaveitreikninga og hitaveitunni álagningu þeirra.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

Sverleiki pípu í mm	Upphæð án vsk. kr.	Með 11% vsk	Með 24% vsk	Grunnur
20	169.541	188.191	210.231	kr./stk.
25	322.608	358.095	400.034	kr./stk.
32	484.470	537.762	600.743	kr./stk.
40	990.892	1.017.646	1.228.706	kr./stk.
50	1.606.138	1.649.504	1.991.611	kr./stk.
65	3.210.533	3.297.217	3.981.061	kr./stk.
80	6.416.546	7.122.366	7.956.517	kr./stk.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Hitaveitu Mosfellsbæjar í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 20 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 20 metra er heimilt að innheimta 10% af heimæðagjöldum 20 til 32 mm og 1% af stærðum 40 til 80 mm. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar vinnuvatns er kr. 103.136 án vsk.

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 47.617 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari og tekur mið af gildandi reglum um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, og er þá bæjarráði heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Til slíkra aðgerða má þó fyrst grípa eftir eindaga og að undan-genginni skriflegri viðvörun, sem sendist kaupanda með að minnsta kosti þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 21.190 fyrir hverja opnun.

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skyld að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftir-breytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 44/2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. febrúar 2021.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafinkelsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2021